



Kópavogsbær

Minnispunktur frá fundi með íbúum á sunnanverðu Kársnesi um hugmyndir að hjóla- og göngustíg 1. júní 2021 kl. 11:30-12:15 í fundarherbergi Fífuhvammur, Digranesvegi 1.

Mættir: Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir Sunnubraut 35, Hulda Jónasdóttir Sunnubraut 31, Berglind Aðalsteinsdóttir Sunnubraut 41, Ólafur Hvanndal Ólafsson Sunnubraut 37.

Starfsmenn: Birkir Rútsson deildarstjóri gatnadeildar, Sigrún María Kristinsdóttir verkefnastjóri íbúatengsla og Berglind Kjartansdóttir skrifstofustjóri umhverfissviðs.

Birkir setur fundinn, kynnir starfsmenn og fundarmenn kynna sig.

Birkir kynnir stofnleiðakort SSH þar sem sýndir eru fyrirhugaðir stofnstígar á höfuðborgarsvæðinu. Bent er á að hjólastígur um sunnanvert Kársnes er skilgreindur sem stofnstígur og tengir sunnanvert höfuðborgarsvæðið við komandi Fossvogsbrú.

Farið er yfir fyrirhugaða framkvæmd og þær hugmyndir sem verið er að vinna með við gerð deiliskipulags. Tekið var fram að vinnan væri hugmyndastigi og engin eiginleg hönnun hafi farið fram. Við yfirferð kom meðal annars fram að fjaran og leirurnar í Kópavoginum er hluti að friðlýstu náttúruverndarsvæði. Umhverfissvið hefur átt samtal við Umhverfisstofnun um hugmyndir að útfærslu á hjólastígnum á sunnanverðu Kársnesi og er sú lausn sem nú er unnið með, í sátt stofnunarinnar. Minjastofnun þarf líka að koma að borðinu því fornleifar og friðlýstar minjar eru innan fyrirhugaðs deiliskipulagssvæðis við botn Kópavogs.

Við botn Kópavogs mun væntanlega vera hægt að gera núverandi grjótfyllingu út í voginn brattari án þess að raska fjörunni og með því verður hægt að koma fyrir malbikaðri breikkun á stígnum. Brú yfir Kópavogslæk mun verða breikkuð. Neðan við Kópavogstún og að Sunnubraut er til staðar tvöfaldur stígur en væntanlega mun vera þörf á að breikka þann hluta um ca. 50 cm. Þar sem sniðið er sem þrengst verður útbúin bryggja eða gönguleið sem liggur ofan á núverandi grjóthleðslu, ekki verður rask á fjörunni sjálfri. Áhersla verður á að halda aðgengi gangandi að fjörunni eins óskertu eins og kostur með tröppum og/eða rennum fyrir báta. Gert er ráð fyrir að bryggja verði á grjóthleðslu neðan við Sunnubraut 33 til Sunnubrautar 58. Annars staðar munu stígarnir vera samhliða og malbikaðir.

Skipulagsráð hefur gefið Umhverfissviði heimild til að hefja vinnu við deiliskipulag. Sú vinna hefur nú farið í gang og verður vinnslutillaga að deiliskipulagi kynnt samkvæmt skipulagslögum. Starfsmenn á fundinum sátu ekki í starfshópi SSH um stofnleiðanet á höfuðborgarsvæðinu sem vann kortið yfir stofnleiðanet hjóla- og gönguleiða á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmaður Kópavogsbæjar í starfshópi SSH er Bjarki Valberg. Í verkefnahópnum sátu einnig fulltrúar frá öðrum sveitarfélögum og SSH, sérfræðingar frá vegagerðinni og ráðgefandi sérfræðingum frá verkfræðistofunni EFLU.

Íbúar spyrja hvort búið sé að fara með fyrirhugaðar framkvæmdir í formlegt umhverfismat og starfsmaður Kópavogsbæjar útskýrir að það hafi ekki verið gert og að ekki sé víst að þessi framkvæmd sé umhverfismatsskyld.

Íbúarnir benda á að þeir þekki svæðið best og í öllum veðrum, flóði og fjöru. Þeir hafa áhyggjur af því að þetta verði stofnstígur með hraðri hjólaumferð en ekki tólmstundastígur og vilja að göngu- og hjólaleiðin sé sniðin að umhverfinu og segja að umhverfið bjóði ekki upp á þetta. Segja yfirvöld ætla að koma fyrir hraðbraut fyrir utan svefnherbergisgluggana þeirra. Þeir velta fyrir sér hvort rætt hafi verið um að þetta verði ekki stofnstígur og telja að nær væri lagi að koma fyrir stofnstíg norðan

meigin á Kársnesi þar sem er ekki þarf að raska náttúrunni, og hafa áhyggjur af því að farið verði í þetta "gríðarlega mannvirki" því þeir telja ekki pláss fyrir það. Íbúar spyrja af hverju stígurinn fari ekki frekar í gegn um Kópavogsbrautina og starfsmaður Kópavogs svarar að ástæðan sé m.a. út frá öryggi því þar eru margar þveranir og bílar sem bakka út úr stæðum.

Íbúar hafa áhyggjur af hraðri hjólaumferð, sérstaklega þegar brúin verður komin og vilja frekar hafa fyrirkomulagið á stígnum eins og það er í dag. Íbúar nefna að þeim finnist einkennilegt að ekki sé strax haft samráð við íbúana á sjávarlóðunum og segja að verið sé að taka bakgarðana þeirra og koma fyrir umferðarmannvirki og taka fram að þeir hafi frétt af fyrirhugaðri framkvæmd fyrir tilviljun. Starfsmaður Kópavogs svarar að haft verði samráð við íbúana en það hefst venjulega þegar hönnunarvinna er farin af stað. Þetta mál er enn á hugmyndastigi. Enn fremur að við hugmyndavinnu sé ekki gert ráð fyrir að lóðir verði skertar.

Íbúar nefna auk þess eftirfarandi mál: Þeir óttast að stígurinn muni eyðileggja náttúrulega ásýnd fjörunnar, tryggja þurfi aðgengi að bátalægi bæði fyrir kajaka og stærri skemmtibáta, þeir hafi áhyggjur af því að geta ekki notað bátaskýlin sín því flestum húsum á sjávarlóðum fylgi stór bátaskýli sem þeir borga full fasteignagjöld af. Þeir taka fram að í þeirra hópi sé hjólafolk sem þekkir vel hjólaleiðir á höfuðborgarsvæðinu, og að þau telji að starfshópur SSH hafi talað við ákveðna hjólahópa en ekki breiddina.

Íbúar óska eftir vönduðum vinnubrögðum með allt viðkomandi þessu máli. Þeir hafa áhyggjur af því að þetta verði "enn eitt skipulagsslysið í Kópavogi". Þeir nefna að öryggismál skipti þá miklu máli. Gangandi vegfarendur þurfa að þvera stofnbraut hjólríða þar sem er mikill hraði og hafa mestar áhyggjur af gangandi vegfarendum, ekki hjólríðafólki.

Að lokum nefna íbúar að þeir eru þakklátir fyrir að fá koma að þessu á þessu stigi og vilja vera upplýst áfram. Þeir óska eftir nýjum fundi fljótlega, helst í næsta mánuði, þar sem starfsmenn skipulagsins verði með.

Starfsmenn þakka íbúum fyrir ábendingar þeirra og að þeir hafi haft frumkvæði að því að koma athugasemdum sínum snemma að borðinu. Þeir benda jafnframt á að undirritað skjal með athugasemdum íbúa vegna fyrirhugaðrar breikkunar á göngu- og hjólastíg þarf einnig að berast síðar í ferlinu, þegar deiliskipulagið fer í formlegt kynningarferli.

Tölvupóstföng:

Ingibjorg.gudmunds@gmail.com

huldajonas@simnet.is

bergind.ba@gmail.com

hvanndal@hotmail.com